

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. 185 frá 27. júní 2002 um breytingu á ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 (eyðublað E 108) og ákvörðun nr. 170 frá 11. júní 1998 (samantekt skráanna sem kveðið er á um í 4. mgr. 94 gr. og 4. mgr. 95. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72 frá 21. mars 1972) ⁽²⁾, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 44, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3.39 (ákvörðun nr. 153):

„- **32003 D 0148:** Ákvörðun nr. 185 frá 27. júní 2002 (Stjtið. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 74), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 44.“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 3.51 (ákvörðun nr. 170):

„,„ eins og henni var breytt með:

- **32003 D 0148:** Ákvörðun nr. 185 frá 27. júní 2002 (Stjtið. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 74), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 44.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 185, eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 173, 11.7.2003, bls. 44, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 55, 1.3.2003, bls. 74.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.